

LEIKSKÓLAHLUTI DALSKÓLA

2018 – 2019



LEIÐARLJÓÐ SKÓLA OG FRÍSTUNDASVIÐS:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

HLUTVERK

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

EFNISYFIRLIT

Um starfsáætlanir leikskóla.....	4
Leiðarljós leikskólans:.....	5
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.....	5
2 Um innra mat í leikskólum.....	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra xxxdeildar um starfið á síðasta ári	6
3 Ytra mat.....	12
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	15
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	14
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
7 Foreldrasamvinna.....	16
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>)	16
9 Skipulagsdagar.....	18
10 Fylgigögn	18
10.1 Matsgögn.....	18
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs).....	18

UM STARFSÁÆTLANIR LEIKSKÓLA

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

STUTT GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Skólaárið var í megin atriðum nokkuð gott og farsælt, þó að nokkuð væri um breytingar og ráðningar vegna skyndilegra veikinda starfsmanna sem urðu svo til langtíma. Vel gekk að ráð inn að haustinu og náði Dalskóli að aðlaga öll börn sem höfðu fengið boð um leikskólavist. Aðlögunin gekk vel og voru öll börn komin inn um miðjan september.

Dalskóli- leikskólahluti fór í innleiðingarferli með tvö verkefni en ákveðið var að hefja innleiðingu á verkefninu „*Leikur að læra*“. **LEIKUR AÐ LÆRA** er kennsluaðferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Dalskóli sótti námskeið í Berlín í apríl 2017 og var í framhaldi af því ákveðið að taka inn að hluta þessa kennsluaðferð. Kristín Einarsdóttir höfundur kennsluefnis og aðferðar kom svo í september og hélt námskeið fyrir starfsmenn, þar sem aðferðin var kennd og farið yfir markmið og leiðir. Kristín hefur svo verið að koma inn í innleiðinguna og verið með sýnikennslu bæði með og án barnanna hérna. Kennarar hafa þannig orðið öruggari í þessari vinnu og þróunin hefur verið nokkuð góð. Á matsfundum hefur komið fram að starfsmenn og börnin einnig eru nokkuð ánægð og finnst námsefnið skemmtilegt og líflegt. Ákveðið hefur verið að halda þessu inn á næsta ári en án þess að verða Leikur að læra skóli. Ætlunin er eins og áður að taka inn það helsta úr aðferðarfræðinni. Eftir áramót höfum við verið að vinna með Leikur að Læra í svo kölluðum Hringekjum í samstarfi við 1 bekk þar sem nemendur og kennarar beggja skólastiga þ.e. 5 ára börnum hittast vikulega í blönduðum hópum og notast við þessa kennsluaðferð til þess að leggja inn læsi og tölur. Þetta hefur tekist vel að mati allra sem að koma, en í endurmati kemur fram að hóparnir hafi verið of stórir. Reynt verður að skipuleggja hópana á annan hátt fyrir næsta vetur.

Annað verkefni var innleitt frá hausti 2017 en það er **Vináttuverkefni Barnaheilla - fri for Mobberi** er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir börn á aldrinum 3- 8 ára. Verkefnið kemur frá Danmörku og er þróað og mótað af Red barnet og Mary Fonden. Tilgangur verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Grundvöllur þess að vel takist til er þátttaka allra á leikskólanum; barna, starfsfólks og foreldra. Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því starfsmenn fóru á námskeið hjá Barnaheillum og Dalskóli keypti inn námsefnið. Innleiðingin gekk vel en 2 deildar af 5 ákváðu að byrja. Stefnt er af því að halda innleiðingunni áfram og munu 2 deildar í viðbót hefjast handa við innleiðingu í haust.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð eins og áður og vorum við í samstarfinu með Tónlistarskóla Sigursveins þar sem elstu börnin komu fram og sungu ásamt fleiri leikskólum í Hörpu 17 apríl. Auk þessa vorum við í samstarfi við Leikskólann Sæborg þar sem börnin unnu með sama þemað eða „*Reykjavík borgin okkar*„ Haldin var sýning á Kjarvalsstöðum á verkefnum barnanna úr þessum tveimur leikskólum. Sýningin þóttist takast með sóma.

UM INNRA MAT Í LEIKSKÓLUM

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á skólanámskrá leikskólans og eða áherslum leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

ÁLFABJÖRG OG VÆTTABJÖRG 2017-2018

Á Álfabjörgum í vetur voru 22 börn, 17 börn fædd 2012 og 5 börn fædd 2013.

Á Vættabjörgum voru 22 börn, 15 börn fædd 2012 og 7 börn fædd 2013

Tónlist: Í tónlist í vetur var verið að vinna með ýmis konar verkefni sem oftast en ekki voru tengd smiðjuvinnu barnanna. Stærsta verkefni vetrarins var hjá börnum fæddum 2012 sem tóku þátt í samstarfi við Tónskóla Sigursveins og 33 aðra leikskóla sem lauk með tónleikum í Hörpu á Barnamenningarhátíð.

Myndlist: Í myndlist í vetur var verið að vinna að ýmsum verkefnum sem iðulega tengdust smiðjustarfinu.

Vinátta: Innleitt var í vetur Vináttu verkefni frá Barnaheill um bangsann Blæ. Öll börnin á deildinni fengu bangsann Blæ og fóru í vináttustundir. Í þeim stundum var lögð áhersla á að vinna með: umburðarlyndi, að við erum alls konar og berum virðingu fyrir margbretileikanum, sýnum umhyggju, setjum okkur mörk og erum hugrökk og bregðumst við órétti sem aðrir eru beittir.

Hringekja barna fædd 2013: Eftir áramót unnu börn fædd 2013 á Álfabjörgum og Vættabjörgum saman vikulega í Hringekju. Þar var lögð áhersla á að innleiða Leikur að læra, þar sem aðaláherslan var á læsi.

Íþróttir: Í íþróttum í vetur var verið að innleiða kennsluáferðina Leikur að læra. Lögð var áhersla á læsi og stærðfræði í gegnum hreyfingu.

Smiðjur: Í fyrstu smiðju vetrarins var unnið með vináttu. Börn fædd 2012 unnu hana í samstarfi við 1. bekk, en börn fædd 2013 unnu með börnum einnig fæddum 2013 á Vættabjörgum. Læsissmiðja var smiðja númer 2 hjá okkur og var hún unnin í samstarfi við Vættabjörg. Börnunum var skipt upp í hópa eftir aldri. Lögð var áhersla á að innleiða Leikur að læra í þessari smiðju, þar sem verið var að vinna með læsi í gegnum hreyfingu. Þá gerðu börnin einnig bækur og unnið var með sögugerð. Eftir áramót var smiðja númer 3 hjá okkur sem ákveðið var að myndi ná yfir 2 smiðjutímabil. Sú smiðja hét Reykjavík borgin okkar en þar var verið að vinna með rusl og endurvinnslu. Afrakstur þeirrar smiðju var sýndur á sýningu á Kjarvalsstöðum í tengslum við Barnamenningarhátíð. Fjórða og síðasta smiðja vetrarins var Náttúrusmiðja. Börn fædd 2012 unnu hana í samstarfi með 1. bekk og var verið að vinna með Húsdýr. Öll börn leikskólans fædd 2013 unnu saman í þeirri smiðju og var lögð áhersla á útikennslu, ræktun og ánamaðka.

Samstarf við grunnskólann og frístund: Elstu börn leikskólans og 1. bekkur unnu fyrstu og síðustu smiðju vetrarins saman. Eftir áramót fóru börnin einnig saman í hringekku þar sem lögð var áhersla á að innleiða Leikur að læra. Unnu börnin á fjórum stöðvum vikulega þar sem lögð var áhersla á læsi og stærðfræði í gegnum leik. Eftir áramót byrjuðu börn fædd 2012 að fara í heimsóknir í Úlfabyggð og fóru þau í fjórum hópum og hver hópur fór aðra hvora viku. Í apríl og maí æfðu börnin sig að fara í frímínútur og fóru þau tvisvar í viku út maí. Íþróttakennarar grunnskólahlutans buðu einnig börnunum upp á einn tíma í íþróttum þar sem farið var með rúttunni upp í Fylkisheimili.

INNRA MAT DEILDA

- Hér á að koma stutt samantekt um helstu niðurstöður, styrkleika og veikleika innra mats frá síðasta starfsári (2017-2018).

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfs- aðstæður og nýting á rýmum	Að nýta öll rými á sem skynsamlegastan hátt, minka álag á börn og kennara	Skipta upp svæðum og nýta þegar deild á t.d salinn, listaherbergi	Sept	Deildarstjórar ásamt stjórnendum	Gera lista og skrá hvenær deildin nýtir svæðið og kvitta fyrir	Að öll rými séu fullnýtt og þeim sé skipt ákveðið niður
Vinna með fjölmening arlegt starf af meiri krafti	Að temja sér að nota túlka. Nota myndir og þýðingar. Setja upp myndrænt dagskipulag inni á hverri deild.	Sendu starfmenn á námskeið í fjölmeningarle gu starfi í haust	Strax að hausti fá Fríðu Bjarney til þess að koma á starfsdegi 20 ágúst	Stjórnandi og sérkennslustjóri	Meta námskeiðið og ákveða áherslur	Að foreldrar skilji póst og almenn samskipti sem fara á milli heimilis og skóla
Hringekjan samstarfs elstu barna og 1 bekkjar	Vinna að því að hafa ópana minni en síðasta vetur	Búið að gera grunnáætlun og auka við starfsfólkið sem vinnur með kennurum og börnum í þessum stundum	Ágúst – sept	Deildarstjórar elstu deildar auk 1 bekkjar kennurum og stuðningsfólki	Desember	Að bæði kennarar og börnin finni fyrir meiri ró og gleði í stundunum
Mat barna	Fókusað á líðan barnanna og kennsuaðferðir og samvinnu á milli deilda	Fjölga hópum og fækka börnum í vinnu í sama rými Opna á milli elstu deilda	Ágúst	Deildarstjórar og kennarar á deildum	Mat á deildarfundu m nóvember 18	Að börnin og starfmenn þekki betur hvort annað á eldri deildum og að allir finni fyrir öryggis og vellíðunar.

FJÖLMENNINGARLEG VINNA Í LEIKSKÓLAHLUTA DALSKÓLA

Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf?

- fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks? Starfsmenn hafa aðeins fengið fræðslu eða leiðbeiningu frá stjórnendum. Stefnt er að námskeiði frá SFS í haust.
- fjölbreytt heimamenning og tungumál? Í Dalskóla starfa með börnunum kennarar sem hafa annað tungumál en íslensku og nýtist það meðal annars með því að þeir tala við börnin sem hafa annað móðurmál t.d. pólskumælandi. Hér var ráðinn kennari sem talar pólsku til þess að fylgja eftir barni sem er með málþroska röskun í sínu móðurmáli sem er pólska. Þetta hefur reynst vel og horfum við björtum augum fram á við þar sem nokkur aukning er í börnum með annað móðurmál en íslensku í Dalskóla.
- samskipti og virka þátttöku í fjölbreyttum barnahóp? Hér hefur verið mjög þéttur hópur barna og vinátta hefur ekki verið vandamál hér í hverfinu okkar. Kennarar fylgjast vel með því að öll börn eigi félag og ef við vitum af einhverjum sem ekki á félag ræðum við það við börnin og í foreldraviðtölum við foreldrana.

HVERNIG ER UNNIÐ MEÐ ÍSLENSKU SEM ANNAÐ MÁL OG VIRKT TVÍTYNGI?

Sérkennslustjórinn Elísa Ólafsdóttir hefur unnið að mestu með tvítyngdu börnin og eru þau ýmist tekin ein eða í litlum hópum. Við virkt tvítyngi er notast þar sem við höfum kennara sem tala sama tungumál og börnin og eru þeir kennarar virkilega hvattir til slíks.

- Markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforði) Börnin eru höfð í minni hópum eða í litlum málörvunarhópum sem sérkennslustjóri hefur haldið utan um.
- Hvernig er orðaforði dýpkaður, með hvaða aðferðum? Málörvun sem miðuð er að hverjum einstaklingi fyrir sig. Við notum mikið Orðagull og spil í öllum flokkum. Leikur að læra og fl
- Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna? Skráningar og matslista af Tungumál er gjöf, einnig er notast við atferlislista. EFI 2, Tras og Hljóm eins og gert er með öðrum börnum. Unnið með *Lubbi finnur málbeinið* og læsis - áætlun er inni á hverri deild
- Er hugað að öllum þáttum máls? Í matslistunum koma allir þessir þættir fram auk þess efnis sem unnið er með inni á hverri deild háð aldri.
 - Orðaforði og málskilningur
 - Tjáning og frásögn
 - Hlustun og hljóðkerfisvitund. Mikið er unnið með þessa þætti inni í tónlistarstundum auk almennrar vinnu inni í samveru og söngstundum.
 - Ritmál Ritmálið er mjög sýnilegt myndir og ritmál svo sem nöfn barnanna og fl.
 - Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun

HVERNIG ER SAMSKIPTUM VIÐ FORELDRA HÁTTAÐ?

Í Dalskóla er reynt að vera í miklum persónulegum samskiptum við foreldra allra barna. Við notum túlka ef foreldri er af erlendum uppruna að öllu jöfnu eða notum starfsfólk sem getur túlkað í minni háttar samskiptum. Notast er við orðalista og fl.

- Móttaka og aðlögun? Í Dalskóla er þáttökuaðlögun en foreldrar eru meira og minna með barninu sínu fyrstu þrjá dagana. Við notum alltaf túlk í fyrsta viðtali og förum vel yfir starfið og reglur. Oft höfum við fengið túlkinn til að koma inn á deildina með foreldri og barni í aðlögun og fara yfir með þeim hvað er gert þannig að þau skilji betur t.d. ef ekki er hægt að gera sig skiljanlegan á ensku. Oft er aðlögun barna af erlendu bergi lengir þar sem börnin ná ekki að skilja tungumálið.
- Upplýsingagjöf? Reynum að senda þýðingar eða notast við túlka og símatúlkun er oft notuð hér.
- Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku? Þetta fer fram í fyrsta viðtali og alltaf í foreldraviðtölum að vetri og vori. Ef þörf þykir eru foreldrar beðnir að koma í viðtal og þá eru málin rædd.

STOÐÞJÓNUSTA

Það voru 6 börn með stuðning á síðasta ári. Eitt barn í 1. flokk og fimm í 2. flokk. Fimm starfsmenn sáu um stuðninginn í misjöfnu starfshlutfalli.

ÁÆTLUN UM MÁLÖRVUN OG SNEMMTÆKA ÍHLUTUN Í LEIKSKÓLANUM.

Þegar upp koma áhyggjur af barni, höfum við viðtal við foreldra og gerum viðkomandi ráðstafanir. Við erum í sambandi við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og sendum tilvísun til sérfræðinga ef þarf. Í leikskólanum notum við matslistana: TRAS, Íslenska þroskalistann, Orðaskil, EFI-2, Hljóm-2 og Íslenska máhljóðamælinn. TRAS skoðum við 2 á ári fyrir hvert barn. Við erum með skimunarblað fyrir hvert barn þar sem fram koma niðurstöður úr 2 ½ árs skoðun á heilsugæslu, EFI-2 (öll 3,6 árs taka EFI í leikskólanum), 4 ára skoðun og Hljóm-2. Þau börn sem þurfa sérstaka málörvun, fara í málörvunarhópa. Sérkennslustjóri sér um þá hópa.

Einstaklingsáætlun er gerð í samstarfi við foreldra. Notaður er AEPS færnislistinn. Foreldrar fá eintak heim til að fylla út og stuðningur/deildastjóri ásamt sérkennslustjóra fylla út listann í leikskólanum. Sérkennslustjóri sér um að vinna úr listanum þær áherslur sem á að vinna með í hverjum þætti fyrir sig. Sérkennslustjóri og stuðningur gera áætlunina. Henni er skipt eftir áherslum inn á deild og það sem unnið er með í einstaklingsstundum. Hún er notuð til að gera starfið markvissara með barninu, áætlunin er uppfærð á 3 mánaða fresti. Síðan er AEPS listinn uppfærður á 6 mánaða fresti og þá sjáum við framfarir og það sem má betur fara.

Foreldraviðtöl eru haldin á hverri önn, ef upp koma mál þá er sérkennslustjóri með í þeim viðtölum. Mynduð eru teymi fyrir þau börn sem eru með stuðning eða þurfa sérstakt utanumhald. Foreldrar fá

ráðgjöf frá sérkennslustjóra, einnig er sótt ráðgjöf frá hegðunarráðgjafa á þjónustumiðstöð eða annarra sem við á.

Við erum í samstarfi við þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, sálfræðinga, sérkennslu- og hegðunarráðgjafa. Einnig við heilsugæslu vegna eftirlits.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur:.

Sérkennslustjóri kemur með ráðgjöf inn á deild vegna einstakra barna með stuðning og vegna hegðunarvandamála og kvíða. Sérkennslustjóri vinnur inn á deild með einstaka börnum sem þurfa stuðning við vissar aðstæður en falla ekki inn í 1. eða 2. flokk. Einnig erum við í þróunar verkefni að gerð læsisáætlunar. Sérkennslustjóri vinnur það í samvinnu með deildastjórum og Miðju máls og læsis. Einnig vinnum við saman þegar unnið er með reglur inn á deild, hegðunarmótandi leiðir, félagsleg samskipti og læsi.

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í Dalskóla í apríl 2018. Allir þeir starfsmenn sem hafa verið lengur en 3 mánuði starfi fengu samtál en þeir sem eru að hætta um sumarfrí eða fyrr fengu óformlegra samtál. Helstu áherslur að þessu sinni voru Almenn um líðan og starfsánægju, skipulagið og álag. Einnig var horft til vetrar og starfsmenn beðnir um almennt álit á stjórnendum.

Símenntun frá síðasta ári: Námskeið í Líkamsbeitingu var haldið á starfsdegi í október þar sem helstu verkefni okkar í innleiðingu okkar vegna Heilsueflandi leikskóla var heilsa og líðan starfsfólks. Sjúkraþjálfarar komu frá Vinnuvernd voru með okkur ½ dag en höfðu komið áður og tekið myndir af starfsaðstöðunni og af starfsfólkinu við störf. Farið var yfir hvað mætti betur fara og hvað var vel gert. Starfsfólk gerði síðan mat á líðan og í framhaldi var svo ákveðið að fá námskeið um streitu og líðan á vinnustað. Sálfræðingur frá Heilsuborg kom og fór með okkur yfir það sem helst bæri að varast og kenndi starfsmönnum að hlusta á hvenær streitan væri orðin of mikil og hvernig mætti setja sér mörk og markmið. Leikur að læra, kennsluáferðin, að hausti með svo innleiðingarferli fram vetur. Tveir kennarar komu frá Tæknivörum sem er umboðsaðili fyrir Samsung spjaldtölvur komu og kenndu starfsfólki á spjaldtölvur þ.e. hvernig þeir nýttust í starfi með börnum, skráningum og ljósmyndun og hvernig nota ætti tölvurnar við að skrá t.d. börnin inn og út úr Völu.

Áætlun um símenntun í leikskólanum (Áætlun um símenntun/fræðslu skal gera út frá áherslum úr umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum)

Námskeið fyrir 2 starfsmenn á Vináttuverkefni Barnaheilla - fri for Mobberi , Fá námskeið vegna aukin fjölmening í Dalskóla þar sem ætlunin er að fá Fríðu Bjarneyju um að koma inn á starfsdag. Vinna með viðhorf og móttöku barna og foreldra af erlendum uppruna. Senda tvo starfsmenn á Hljóm-2 prófið.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

Foreldraviðtöl í Dalskóla eru foreldraviðtöl 2 x á ári og eru þau alltaf í nóvember byrjun og svo í maí að vori.

Foreldrafélag leikskóla- frístunda- og grunnskólahluta er eitt og sama félagið.

ÁÆTLUN VETRARINS 2018-2019.

Í vetur verður unnið eins og undanfarin ár í því að brúa bilið milli skólastiga. Að hausti hefst fyrsta smiðja vetrar eins og áður sem er Vinasmiðja/..... en þá vinna elstu börn leikskólans í smiðjum með 1 bekk. Börnunum er skipt upp í hópa og kennarar frá báðum skólastigum dreifast á hópana. Smiðjan stendur í um það bil 6 vikur. Sami háttur er hafður að vori þ.e. síðasta smiðja vetrar í apríl lok/ byrjun maí er sameiginleg smiðja og er þá yfirleitt þema tengt náttúrunni. Efnið er valið eftir áherslum úr Aðalnámskrá beggja skólastiga. Eftir áramót fara svo leikskólabörnin að fara yfir í Úlfabyggð sem er frístundarheimili Dalskóla. Börnin fara í litlu hópum með kennara, fá að kynna rýminu, kennurum og leik/námefni fram að skólaslitum. Frá hausti eða þegar aðlögun nýrra leikskólabarna er búin og börnin í fyrsta bekk hafa aðeins náð ró þá hefst samstarf sem kallast “*Hringekja*,, þar sem börnum úr fyrsta bekk og elstu börnum leikskólans er blandað í hópa sem og kennurum beggja skólastiga. Unnið verður með námsefnið Leikur að læra áfram þar sem það þóttist takast vel. Unnið verður sem fyrr að læsi og stærðfræði.

Samstarfsverkefni ef einhver eru. Nýjungar/breytingar ef einhverjar eru.

YTRA MAT

Formlegt ytra mat á hluta af starfi Dalskóla var annars vegar foreldrakönnun á vegum SFS og hins vegar ytri verkfæri á vegum menntamálastofnunar, þá einkum í grunnskólahluta skólans.

Skólinn var tekinn í heildarmat árið 2015, þar sem allt starf hans var rýnt. Óháðir ytri matsmenn rýndu leik-, frí- og kennslustundir. Skoðuðu og lásu öll gögn skólans. Tóku viðtöl við starfsmenn, kennara og stjórnendur. Gefnar voru út skýrslur og var þriggja ára þróunaráætlun skólans byggð á þessari úttekt.

Þróunarmarkmið skólans fyrir árin 2016-2018 eru: LESTUR, GÓÐAR markvissar leik-, frí og grunnskólakennslustundir, vinna með aukið LÝÐRÆÐI og innleiða áfram JÁKVÆÐA AGANN.

Öll þróunarmarkmið þess og nánari skýringar finnast í heildar starfsáætlun Dalskóla.

Þessi Starfsáætlun er framkvæmt í samhljómi við sniðmát SFS fyrir leikskóla, en er alls ekki tæmandi fyrir starf leikskólahluta Dalskóla.

maí 2018.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

SKIPULAGT STARF VEGNA BARNNA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU.

Hér á að koma greinagerð um vinnulag, ráðstöfun fjármagns og tilgreina tengiliði fjölmennningar í leikskólanum. Punktur hér fyrir neðan eru til viðmiðunar um skipulagt starfi

- Hvernig er unnið með fjölmenningarlegt leikskólastarf?
 - fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks? Starfsmenn hafa aðeins fengið fræðslu eða leiðbeiningu frá stjórnendum. Stefnt er að námskeiði frá SFS í haust.
 - fjölbreytt heimamenning og tungumál? Í Dalskóla starfa með börnunum kennarar sem hafa annað tungumál en íslensku og nýtist það meðal annars með því að þeir tala við börnin sem hafa annað móðurmál t.d. pólskumælandi. Hér var ráðinn kennari sem talar pólsku til þess að fylgja eftir barni sem er með málþroska röskun í sínu móðurmáli sem er pólska. Þetta hefur reynst vel og horfum við björtum augum fram á við þar sem nokkur aukning er í börnum með annað móðurmál en íslensku í Dalskóla.
 - samskipti og virka þátttöku í fjölbreyttum barnahóp? Hér hefur verið mjög þéttur hópur barna og vinátta hefur ekki verið vandamál hér í hverfinu okkar. Kennarar fylgjast vel með því að öll börn eigi félag og ef við vitum af einhverjum sem ekki á félag ræðum við það við börnin og í foreldraviðtölum við foreldrana.
- **Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi? Sérkennslustjórinn Elísa Ólafsdóttir hefur unnið að mestu með tvítyngdu börnin og eru þau ýmist tekin ein eða í litlum hópum. Við virkt tvítyngi er notast þar sem við höfum kennara sem tala sama tungumál og börnin og eru þeir kennarar virkilega hvattir til slíks.**
 - Markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforði) Börnin eru höfð í minni hópum eða í litlum málörvunarhópum sem sérkennslustjóri hefur haldið utan um.
 - Hvernig er orðforði dýpkaður, með hvaða aðferðum? Málörvun sem miðuð er að hverjum einstaklingi fyrir sig. Við notum mikið Orðagull og spil í öllum flokkum. Leikur að læra og fl
 - Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna? Skráningar og matslista af Tungumál er gjöf, einnig er notast við atferlislista. EFI 2, Tras og Hljóm eins og gert er með öðrum börnum. Unnið með *Lubbi finnur málbeinið* og læsis - áætlun er inni á hverri deild
 - Er hugað að öllum þáttum máls? Í matslistunum koma allir þessir þættir fram auk þess efnis sem unnið er með inni á hverri deild háð aldri.
 - Orðaforði og málskilningur
 - Tjáning og frásögn
 - Hlustun og hljóðkerfisvitund. Mikið er unnið með þessa þætti inni í tónlistarstundum auk almennrar vinnu inni í samveru og söngstundum.
 - Ritmál Ritmálið er mjög sýnilegt myndir og ritmál svo sem nöfn barnanna og fl.
 - Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun
- Hvernig er samskiptum við foreldra háttað? Í Dalskóla er reynt að vera í miklum persónulegum samskiptum við foreldra allra barna. Við notum túlka ef foreldri er af erlendum uppruna að öllu jöfnu eða notum starfsfólk sem getur túlkað í minni háttar samskiptum. Notast er við orðalista og fl.
 - Móttaka og aðlögun? Í Dalskóla er þáttkvaðlögun en foreldrar eru meira og minna með barninu sínu fyrstu þrjá dagana. Við notum alltaf túlk í fyrsta viðtali og förum vel yfir starfið og reglur. Oft höfum við fengið túlkinn til að koma inn á deildina með foreldri og barni í aðlögun og fara yfir með þeim hvað er gert þannig að þau skilji betur t.d. ef ekki er hægt að gera sig skiljanlegan á ensku. Oft er aðlögun barna af erlendu bergi lengir þar sem börnin ná ekki að skilja tungumálið.
 - Upplýsingagjöf? Reynum að senda þýðingar eða notast við túlka og símatúlkun er oft notuð hér.

- Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku? Þetta fer fram í fyrsta viðtali og alltaf í foreldraviðtölum að vetri og vori. Ef þörf þykir eru foreldrar beðnir að koma í viðtal og þá eru málin rædd.

STUTT GREINARGERÐ SÉRKENNSLUSTJÓRA UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Hér þurfa að koma fram helstu áherslur í sérkennslu/stuðningi út frá stefnu leikskólans og hvaða verkferlum er fylgt.

- Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki? Það voru 6 börn með stuðning á síðasta ári. Eitt barn í 1. flokk og fimm í 2. flokk. Fimm starfsmenn sáu um stuðninginn í misjöfnu starfshlutfalli.
- Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum.
Þegar upp koma áhyggjur af barni, höfum við viðtal við foreldra og gerum viðkomandi ráðstafanir. Við erum í sambandi við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og sendum tilvísun til sérfræðinga ef þarf. Í leikskólanum notum við matslistana: TRAS, Íslenska þroskalistann, Orðaskil, EFI-2, Hljóm-2 og Íslenska máhljóðamælinn. TRAS skoðum við 2 á ári fyrir hvert barn. Við erum með skimunarblað fyrir hvert barn þar sem fram koma niðurstöður úr 2 ½ árs skoðun á heilsugæslu, EFI-2 (öll 3,6 árs taka EFI í leikskólanum), 4 ára skoðun og Hljóm-2. Þau börn sem þurfa sérstaka málörvun, fara í málörvunarhópa. Sérkennslustjóri sér um þá hópa.
- Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig er þær notaðar í starfinu? Einstaklingsáætlun er gerð í samstarfi við foreldra. Notaður er AEPS færnislistinn. Foreldrar fá eintak heim til að fylla út og stuðningur/deildastjóri ásamt sérkennslustjóra fylla út listann í leikskólanum. Sérkennslustjóri sér um að vinna úr listanum þær áherslur sem á að vinna með í hverjum þætti fyrir sig. Sérkennslustjóri og stuðningur gera áætlunina. Henni er skipt eftir áherslum inn á deild og það sem unnið er með í einstaklingsstundum. Hún er notuð til að gera starfið markvissara með barninu, áætlunin er uppfærð á 3 mánaða fresti. Síðan er AEPS listinn uppfærður á 6 mánaða fresti og þá sjáum við framfarir og það sem má betur fara.
- Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf. Foreldraviðtöl eru haldin á hverri önn, ef upp koma mál þá er sérkennslustjóri með í þeim viðtölum. Mynduð eru teymi fyrir þau börn sem eru með stuðning eða þurfa sérstakt utanumhald. Foreldrar fá ráðgjöf frá sérkennslustjóra, einnig er sótt ráðgjöf frá hegðunarráðgjafa á þjónustumiðstöð eða annarra sem við á.
- Samstaf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir
Við erum í samstarfi við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, sálfræðinga, sérkennslu- og hegðunarráðgjafa. Einnig við heilsugæslu vegna eftirlits.
- Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.
Sérkennslustjóri kemur með ráðgjöf inn á deild vegna einstakra barna með stuðning og vegna hegðunarvandamála og kvíða. Sérkennslustjóri vinnur inn á deild með einstaka börnum sem þurfa stuðning við vissar aðstæður en falla ekki inn í 1. eða 2. flokk. Einnig erum við í þróunar verkefni að gerð læsisáætlunar. Sérkennslustjóri vinnur það í samvinnu með deildastjórum og Miðju máls og læsis. Einnig vinnum við saman þegar unnið er með reglur inn á deild, hegðunarmótandi leiðir, félagsleg samskipti og læsi.
- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls 37 í *leiðbeiningar um innra mat í leikskóla*). Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

- Starfsþróunarsamtöl fóru fram í Dalskóla í apríl 2018. Allir þeir starfsmenn sem hafa verið lengur en 3 mánuði starfi fengu samtal en þeir sem eru að hætta um sumarfrí eða fyrr fengu óformlegra samtal. Helstu áherslur að þessu sinni voru Almennt um líðan og starfsánægju, skipulagið og álag. Einnig var horft til vetrar og starfsmenn beðnir um almennt álit á stjórnendum.
- Símenntun frá síðasta ári . Námskeið í Líkamsbeitingu var haldið á starfsdegi í október þar sem helstu verkefni okkar í innleiðingu okkar vegna Heilsueflandi leikskóla var heilsa og líðan starfsfólks. Sjúkraþjálfarar komu frá Vinnuvernd voru með okkur ½ dag en höfðu komið áður og tekið myndir af starfsaðstöðunni og af starfsfólkinu við störf. Farið var yfir hvað mætti betur fara og hvað var vel gert. Starfsfólk gerði síðan mat á líðan og í framhaldi var svo ákveðið að fá námskeið um streitu og líðan á vinnustað. Sálfræðingur frá Heilsborg kom og fór með okkur yfir það sem helst bæri að varast og kenndi starfsmönnum að hlusta á hvenær streitan væri orðin of mikil og hvernig mætti setja sér mörk og markmið. Leikur að læra,, kennsluaðferðin, að hausti með svo innleiðingarferli fram vetur. Tveir kennarar komu frá Tæknivörum sem er umboðsaðili fyrir Samsung spjaldtölvur komu og kenndu starfsfólki á spjaldtölvur þ.e. hvernig þeir nýttust í starfi með börnum, skráningum og ljósmyndun og hvernig nota ætti tölvurnar við að skrá t.d. börnin inn og út úr Völu.
- Áætlun um símenntun í leikskólanum (Áætlun um símenntun/fræðslu skal gera út frá áherslum úr umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum)

Námskeið fyrir 2 starfsmenn á Vináttuverkefni Barnaheilla - fri for Mobberi , Fá námskeið vegna aukin fjölmennung í Dalskóla þar sem ætlunin er að fá Fríðu Bjarneyju um að koma inn á starfsdag. Vinna með viðhorf og móttöku barna og foreldra af erlendum uppruna. Senda tvo starfsmenn á Hljóm-2 prófið.

- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

FORELDRASAMVINNA

- Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).
- Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag).
- Foreldraviðtöl í Dalskóla eru foreldraviðtöl 2 x á ári og eru þau alltaf í nóvember byrjun og svo í maí að vori.
- Foreldrafélag.

SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA (STUTT UM HELSTU ÁHERSLUR Í SAMSTARFI SKÓLANNA)

- Áætlun vetrarins. Í vetur verður unnið eins og undanfarin ár í því að brúa bilið milli skólastiga. Að hausti hefst fyrsta smiðja vetrar eins og áður sem er Vinasmiðja/..... en þá vinna elstu börn leikskólans í smiðjum með 1 bekk. Börnunum er skipt upp í hópa og kennarar frá báðum skólastigum dreifast á hópana. Smiðjan stendur í um það bil 6 vikur. Sami háttur er hafður a að vori þ.e. síðasta smiðja vetrar í apríl lok/ byrjun maí er sameiginleg smiðja og er þá yfirleitt þema tengt náttúrunni. Efnið er valið eftir áherslum úr Aðalnámskrá beggja skólastiga. Eftir áramót fara svo leikskólabörnin að fara yfir í Úlfabyggð sem er frístundarheimili Dalskóla. Börnin fara í litlu hópum með kennara, fá að kynna rýminu, kennurum og leik/námefni fram að skólaslitum. Frá hausti eða þegar aðlögun nýrra leikskólabarna er búin og börnin í fyrsta bekk hafa aðeins náð ró þá hefst

samstarf sem kallast “*Hringekja*”, þar sem börnum úr fyrsta bekk og elstu börnum leikskólans er blandað í hópa sem og kennurum beggja skólastiga. Unnið verður með námsefnið Leikur að læra áfram þar sem það þóttist takast vel. Unnið verðum sem fyrr að læsi og stærðfræði.

- Samstarfsverkefni ef einhver eru. Nýjungar/breytingar ef einhverjar eru.

SKIPULAGSDAGAR.

Hér eiga að koma upplýsingar um skipulagsdaga (dagsetningar og upplýsingar um hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og í grunnskólanum) Leikskóladagatal.

FYLGIGÖGN

MATSGÖGN

UMSÖGN FORELDRARÁÐS (STARFSÁÆTLUNIN TELST EKKI SAMÞYKKT ÁN UMSAGNAR FORELDRARÁÐS)

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2018 – 2019

Dalskóli

Umsögn og samþykki skólaráðs

Skólaráð Dalskóla skipa:

1. Fulltrúi skólastjórnenda: Hildur Jóhannesdóttir
2. Fulltrúi skólastjórnenda og ritari: Helena Katrín Hjaltadóttir
3. Fulltrúi grunnskólakennara: Ragnhildur Þórarinsdóttir
4. Fulltrúi leikskólahluta: Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir – til vara Vilborg Jóna Hilmarsdóttir
5. Fulltrúi starfsmanna: Linda Viðarsdóttir
6. Formaður foreldrafélags: Sigrún Guðjohnsen (fyrsta ár) til vara Andrea Ingimundardóttir
7. Fulltrúi foreldra barna á leikskólaaldri: Helga Hreiðarsdóttir (fyrsta ár) og Þorbjörg Inga Þorsteinsdóttir (annað ár)
8. Fulltrúi foreldra barna á grunnskólaaldri: Sigfríður Guðný Theódórsdóttir (fyrsta ár)
9. Fulltrúi grenndarsamfélags: Magnús Kári Bergmann (er að koma aftur að ráðinu)
10. Fulltrúi nemenda: Viktor Máni (að hefja annað ár)
11. Fulltrúi nemenda: Elín Ása eða formaður nemendaráðs

Um starfsáætlanir

Samkvæmt lögum vinna leikskólar og grunnskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla og grunnskóla og frístundaheimili gera sér starfsáætlanir. Samkvæmt henni vinnur hver og einn skóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern háttskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Skólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi skólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skóla. Áætlunin þarf að fá umsögn skólaráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu.

Tilgangur starfsáætlunar er auk þess að fylgjast með að skóalinn starfi skv lögum að gera skólaþróun skólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf skólans er framkvæmt og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Skólinn dregur saman í skýrslu um það innra mat sem framkvæmt er og er byggt á henni þegar þróunarstarf og umbætur eru áætlaðar.

Í starfsáætlun skólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir skólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í skólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem skólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun skólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Skólaráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn skólaráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á skólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá Dalskóla er skrifleg lýsing á því sem gert er í skólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir skólans. Skólanámskrá setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk skólaráðs

Hlutverk skólaráðs að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Endar athugasemdir. Nýstofnað
skólaráð mun taka fyrir
einstaka kafli til rýningar í
vetur.

fl.

Linda Vidarsd.

Auza Arvedarsdóttir

Sigríð

Viktor Máni b

Ragnhildur Þóranisdóttir

Elín Ása Bjarnadóttir

Andree Ingimundard.

M. Björnsd.

Þudur Jóhannessdóttir.

Helene Bjaltad.

Sigrún Áste Gurol.